

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1760
komudagur 29.4.2005

UST

Umhverfisstofnun

Nefndasvið Alþingis
samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

29. apríl 2005
Skjalanúmer: 50
Tilvísun: UST20050400059/KG

Frumvarp um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 698. mál

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 7. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 698. mál.

Sífelld stærr hluti fólks- og farmflutninga fer fram á vegum landsins, jafnt meðfram ströndum sem á hálendi Íslands. Umhverfisstofnun telur einkar mikilvægt að um þá flutninga gildi samræmdar reglur og að greinin sæti ákvæðnu eftirliti, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Umhverfisstofnun lýsir í meginráttum yfir stuðningi við frumvarpið. Stofnunin bendir þó á að ekki er fjallað um flutning á hættulegum farni, eða ákvæði þess efnis að bílstjórar skuli hafa sérstök leyfi og þekkingu á mengunarhættu af völdum slíks farms, hvort sem er í þökkuðu formi eða í lausu. Umhverfisstofnun telur að um margt hefði verið vænlegt í frumvarpinu að vísa sérstaklega til ákvæða um flutning á hættulegum varningi, t.d. í 50., 60. og 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. og reglugerð nr. 984/2000, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum. Stofnunin bendir t.d. á að í umferðarlögum nr. 50/1987, er iðulega fjallað um fólks- og vöruflutninga. Telur stofnunin eðlilegra að gætt yrði samræmis við framlagt frumvarp og í lagatextum verði vísað til fólks- og farmflutninga.

Virðingarfyllt,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður